



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. ágúst 2005

Tilvísun: UST20050800038/sf

Norðausturvegur, Arnarstaðir - Brekka. Matsskylda.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 9. ágúst sl. þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum nr. 106/2000.

Framkvæmdin felst í því að Norðausturvegur verður endurbyggður á tæplega 12 km kafla á milli Arnarstaða og Brekku. Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að veglínan fylgi að mestu núverandi vegi nema um Svelting, auk lítils háttar frávika við Presthólalón og Brekkuhamar.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við framkvæmdina.

Náttúruverndarsvæði

Nyrsti hluti framkvæmdasvæðisins er innan svæðis sem lagt er til að verði friðlýst í skýrslu Umhverfisstofnunar, *Náttúruverndaráætlun 2004-2008. Aðferðafræði*, þ.e. svæðisins *Melrakkaslétu*. Í umfjöllun um forsendur fyrir verndun, viðföng og viðmið segir: „*Afar fjölbreytt fuglalíf og votlendi. Alþjóðlegt verndargildi. Á Melrakkaslétu eru nyrstu skógarleifar landsins.*”

Endurbyggður vegur verður að mestu leyti á núverandi vegstæði en þó verða breytingar á veglínu á tveimur stöðum innan ofangreinds svæðis. Við Presthólalón verður vegurinn færður nokkuð til austurs á 500 m kafla meðfram lóninu til að fyllingar vegna flatari fláa og hærri vegar nái ekki út í lónið. Færsla vegarins mun því ekki hafa áhrif á lónið sjálft. Við Brekkuhamar verður vegurinn færður á stuttum kafla til að hlífa lögnum við núverandi veg. Samkvæmt gróðurkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (sjá fylgiskjal með matsskýrslu Norðausturvegar um Hólaheiði) liggur vegurinn um graslendi og í nágrenni vegarins er stórgrýtt land og land vaxið alaskalúpínu. Að mati Umhverfisstofnunar mun fyrirhuguð framkvæmd því ekki rýra verndargildi framangreinds svæðis.

Samkvæmt tilkynningu framkvæmdaraðila er gert ráð fyrir efnistöku í jarðmyndun sem fellur undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, þ.e. eldhrauni. Umhverfisstofnun telur sérstaklega mikilvægt að gengið verði frá þeim efnistökuþöðum að vinnslu lokinni, sbr.

ábendingar hér að neðan.

Efnistaka

Áætluð efnisþörf í veginn er um 212 þús. m³ og verður efnið að mestu tekið úr sex námum í landi þriggja jarða, Daðastaða, Valþjófsstaða og Presthóla en einnig úr vegskeringum á vegsvæði. Tvær þessara náma, námur E og F, eru í eldhrauni sem er jarðmyndun er nýtur sérstakrar verndar samkvæmt lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Náma E (Hrauntúnsnáma)

Í lýsingu á námu E í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að um 0,5 þús. m² svæði var raskað við efnistöku Hafnamálastofnunar á þessum stað í Presthólahrauni en fyrirhugað nýtt námusvæði verður allt að 10 þús. m² að flatarmáli. Hraunið er áætlað um 2-2,5 m þykkt og verður hraunbrúnin færð aftar. Ekki er nauðsynlegt að leggja nýjan veg um hraunið að námusvæðinu þar sem 0,7 km langur slóði liggur milli námusvæðis D og fjárhúsanna en hann verður styrktur og lagfærður.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að staðið verði þannig að efnisvinnslunni að hraunbrúnin verði öll færð innar og að gengið verði frá námusvæðinu að vinnslu lokinni.

Náma F. (Presthólar)

Í umfjöllun um námu F í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að efnistakan sé í opinni og ófrágenginni námu og að efnið hafi að mestu verið tekið úr gervígíg í Presthólahrauni sem nú sé uppurinn. Nýtt námusvæði sé við jaðar gígsins sem nú er horfinn. Efni verði tekið úr gjalli og hrauneitlum og verði hvorki hreyft við gervígígum né hreinu hrauni. Áætluð efnistaka er 30.000 m³.

Í umfjöllun um efnistöku í mati á umhverfisáhrifum fyrir Norðausturveg um Hólaheiði kom fram að gert væri ráð fyrir allt að 80.000 m³ efnistöku í hrauni og gervígígum í vestasta hluta Kerlingarhrauns (Presthólahrauni), þ.e. í sömu námu og hér er nefnd náma F. Einnig kom fram að Náttúrufræðistofnun Íslands hefði bent á að gervígígarnir setji mikinn svip á landslagið á svæðinu og að þeir hafi verndargildi. Af náttúruverndarsjónarmiðum mælti stofnunin ekki með efnistöku úr gervígígum (sjá skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands frá júní 2003). Þrátt fyrir að gervígígum hafi að hluta til verið raskað með efnistöku réttlæti það ekki frekari efnistöku á svæðinu. Með hliðsjón af verndargildi gervígíganna, sbr. álit Náttúrufræðistofnunar Íslands, taldi Umhverfisstofnun ekki ásættanlegt að raska þessum jarðmyndunum frekar en orðið er og lagðist því fyrir sitt leyti gegn frekari efnistöku úr þeim í umsögn sinni um mat á umhverfisáhrifum Norðausturvegar um Hólaheiði.

Það efnismagn sem nú er ráðgert að taka úr námunni er mun minna en það sem fyrirhugað var að taka vegna lagningar Norðausturvegar um Hólaheiði, þ.e. 30.000 m³ í stað 80.000 m³. Þá kemur fram í tilkynningu framkvæmdaraðila að hvorki verði hreyft við gervígígum né hreinu hrauni. Umhverfisstofnun telur þó óljóst hvað átt er við með því að ekki verði hreyft við hreinu hrauni þar sem efnistakan verður ekki eingöngu innan þess svæðis sem nú þegar hefur verið raskað, heldur einnig á óhreyfðu landi. Stofnunin telur að efnistöku í námu E verði að setja þau skilyrði að ekki verði raskað gervígígum í hrauninu og þar verði ekki um frekari efnistöku að ræða að framkvæmdum loknum. Frágangur námunnar verði þar með að miðast við að námunni verði lokað og að námuvegur verði fjarlægður.

Í kafla 6 *Aðgerðir á framkvæmdatíma* í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að „gengið verður frá öllum efnistökusvæðum sem nýtt verða vegna þessarar framkvæmdar nema eindreginn vilji landeigenda kveði á um annað”.

Umhverfisstofnun telur að það verði að liggja ljóst fyrir hvernig framkvæmdaraðili muni ganga frá námusvæðum að framkvæmdum loknum, enda er það eitt af þeim atriðum sem tekið er tillit til við mat á hugsanlegum umhverfisáhrifum framkvæmdanna. Stofnunin telur því ekki ásættanlegt að það orki tvímælis hvort framkvæmdaraðili muni ganga frá efnistökusvæðum í samræmi við lýsingu í tilkynningu um framkvæmdina og gerir því athugasemdir við ofangreindan texta í tilkynningunni. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að gengið verði frá nýjum námum sem opnaðar verða vegna framkvæmdarinnar og frá námum í eldhrauni. Í opnum námum þar sem fyrirbyggjandi eru áætlanir um frekari efnistöku af hálfu námurétthafa, verði a.m.k. gengið frá því svæði sem raskast vegna efnistöku Vegagerðarinnar.

Gróður og fuglalíf

Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að ekki hefur verið kannað hvort sjaldgæfa fugla eða gróður sé að finna í nágrenni framkvæmdasvæðisins. Landinu hafi þó að einhverju leyti verið raskað með búfjárbætur og mannvirkjagerð, s.s. með hliðarytingu í núverandi veg. Hvað varðar nyrsta hluta framkvæmdasvæðisins er vísað til náttúrufarskönnunar sem Náttúrufræðistofnun Íslands vann vegna mats á umhverfisáhrifum Norðausturvegar um Hólaheiði, en í skýrslu um hana komi eftirfarandi fram:

„...gróður er mest lyngmóar með fjalldrapa, bláberjalyngi, sortulyngi og krækilyngi. Hraunbungur sem standa upp úr mounum eru flikróttar af mosategundinni hraungambra. Í votlendinu neðan við Brekku eru aðallega gulstör og í hálfdeigjunni, hrossanál, starir og grös. Ekki er vitað um nein sjaldgæf gróðurfélög á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði milli Arnarstaða og Brekku.“

Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands *Norðausturvegur um Melrakkasléttu – Náttúrufarskönnun vegna veggerðar*, sem unnin var vegna mats á umhverfisáhrifum Norðausturvegar um Hólaheiði, kemur fram að í Presthólakrauni og við Efri-Hóla eru skráðir fundarstaðir rauðberjalyngs. Rauðberjalyng er sjaldgæf tegund á Íslandi með hátt verndargildi en er ekki tegund á valista. Miðað við staðsetningu þessara fundarstaða samkvæmt gróðurkortu Náttúrufræðistofnunar Íslands og staðsetningu námuvega og efnistökusvæða eru fundarstaðirnir þó utan við áhrifasvæði framkvæmdarinnar.

Í framangreindri skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur m.a. fram að sjö fuglategundir á valista urpu með vissu á áhrifasvæði fyrirhugaðs vegar um Hólaheiði. Miðað við umfjöllun um varpstaði þessara tegunda í skýrslunni virðist sem framkvæmdir vegna Norðausturvegar milli Arnarstaða og Brekku muni ekki hafa áhrif á varpstaði þessara tegunda sem fjallað er um í skýrslunni. Ekki liggja fyrir upplýsingar um fuglalíf á þeim hluta framkvæmdasvæðisins sem er utan við skilgreint rannsóknarsvæði vegna mats á umhverfisáhrifum Norðausturvegar um Hólaheiði.

Með hliðsjón af framansögðu og því að endurbyggður vegur er að mestu leyti á vegstæði núverandi vegar telur Umhverfisstofnun ekki líkur á að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa umtalsverð áhrif á gróður eða fuglalíf.

Sjónræn áhrif

Skeringar og fyllingar vegna fyrirhugaðrar vegagerðar munu hafa nokkur sjónræn áhrif í för með sér, einkum við Svelting þar sem gert er ráð fyrir miklum fyllingum og töluverðum skeringum. Töluverðar skeringar eru einnig við Hafnarmel og Brekkumel. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að flái og frágangur skeringa verði með þeim hætti að þær falli sem best að

landinu umhverfis þær.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Stofnunin telur þó mikilvægt að tekið verði tillit til ábendinga stofnunarinnar er varða efnistöku, sbr. athugasemdir hér að framan.

Umhverfisstofnun bendir á að leggja verður fram áætlun um efnistöku áður en framkvæmdaleyfi er veitt, sbr. 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Vinóingarfyllt



Sigrún Friðriksdóttir
Lagsviðsstjóri



Helgi Jónsson
forstöðumaður framkvæmda-
og eftirlitssviðs